



## HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### FRÉTTATILKYNNING

Dagsetning: 31. mars 2006

## Hjartalæknar segja sig af samningi við SHTR

Sérfræðingar í hjartalækningum hafa sagt sig af samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (SHTR). Samningurinn tekur til verka sem unnin eru á einkastofum hjartalæknanna sem taka verktakagreiðslur fyrir unnin verk, en Tryggingastofnun ríkisins sér um greiðslur til verktakanna.

Hjartalæknar sögðu sig af samningnum með umsömdum þriggja mánaða uppsagnarfresti og tekur uppsögnin gildi 1. apríl, eða á morgun laugardag. Árangurslausar samningaviðræður hafa staðið milli hjartalækna og samninganefndar HTR upp á síðkastið, bæði formlegar og óformlegar.

Sjúkratryggingaréttur almennings til niðurgreiðslna kostnaðar vegna þjónustu sérfræðilækna er háður því að verktakasamningur læknis og samninganefndar HTR sé í gildi.

Með því að hjartalæknar segja sig af verktakasamningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar HTR, sem gerður var fyrir rúmu ári til þriggja ára, eða til 31. mars 2008, verður sjúkratryggingaréttur almennings ekki tryggður í viðskiptum við þessa sérfræðilækna þar sem samningurinn tryggir rétt sjúklinga til endurgreiðslu TR.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur því ákveðið að koma á valfrjálsum endurgreiðslukerfi til að tryggja þennan rétt almennings til endurgreiðslna kostnaðar við heimsóknir til hjartasérfræðinga, sem ekki starfa á grundvelli verktakasamnings Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar HTR.

Kjarni hins valfrjálsa endurgreiðslukerfis felst í að heilsugæslu- eða heimilislæknir þarf að skoða og meta sjúkling og vísa til hjartalækna til þess að viðkomandi fái endurgreiðdan kostnað í samræmi við sjúkratryggingarétt sinn sem hann verður fyrir vegna heimsóknar til hjartalækna sem ekki er á verktakasamningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar HTR.

Sjúklingur sem kýs að láta ekki reyna á það hvort hann getur fengið úrlausn vanda síns hjá heilsugæslulækni og notfærir sér þjónustu hjartalækna, sem ekki er á verktakasamningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar HTR, greiðir sjálfur fyrir þjónustu hjartalækna og á ekki endurgreiðslurétt gagnvart TR.

Skal í þessu sambandi tekið fram að 65% (árin 2004 og 2005) verktakagreiðslna til hjartalækna má rekja til verktakaliðanna viðtal og skoðun, eða viðtal, skoðun og hjartalínurit.

Heilsugæslan ætti að geta leyst úr vanda sjúklinga að talsverðu leyti. Að svo miklu leyti sem heilsugæslulæknir telur sig ekki geta veitt viðkomandi þjónustu vísar hann viðkomandi áfram til hjartalækna og með þeirri aðferð er virtur sjúkratryggingaréttur viðkomandi.

|  |  |  |
|--|--|--|
| <b>HEIMILISFANG</b><br>HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ<br>Vegmúla 3, IS-150<br>Sími 545 8700 | <b>UPPLÝSINGAFULLTRÚI</b><br>HELGI MÁR ARTHURSSON<br>Sími 545 8707<br>GSM 861 3819 | <b>VEFFANG RÁÐUNEYTIS</b><br>www.heilbrigdisraduneyti.is<br><b>PÓSTFANG RÁÐUNEYTIS</b><br>postur@htr.stjr.is |
|--|--|--|

Hjartalæknarnir 21 sem sögðu sig af samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar HTR um verktakagreiðslur fyrir verk unnin á einkastofum eru að meirihluta einnig starfandi á spítölum. Hefur þeim spítölum verið gert viðvart um þá stöðu sem upp er komin og eru bæði Landspítalinn og Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu viðbúin breyttum aðstæðum.

Á árinu 2004 voru komur til hjartalækna 22.351. Heildarkostnaður við þessar komur var 150 milljónir króna.

Af heildarkostnaði greiddi Tryggingastofnun ríkisins 91 milljón króna, sjúklingarnir greiddu 52 milljónir, eða samtals 143 milljónir króna. Mismunurinn, um sjö milljónir króna á árinu 2004, er afslátturinn sem hjartalæknar veittu af heildarútgjöldunum vegna verktakasamningsins sem þeir eru á.

Sjö milljónir eru um 5% og eiga almennt séð ekkert skylt við yfirlýsingar í fjölmiðlum um 50 til 100% afslátt frá gjaldskrá sem þessi læknaþópur þurfi að veita.

Af þessum tölum sést að sjúklingar greiða 36,3% við heimsóknir til hjartalækna að meðaltali og Tryggingastofnun ríkisins 63,7% fyrir hönd ríkisins.

Samkvæmt reglugerð sem gefin var út í dag er það heilsugæslulæknir eða heimilislæknir sem ákveða gildistíma tilvísunarinnar en þó skal gildistími aldrei vera lengri en fjórir mánuðir í senn. Gildistími tilvísunar miðast við dagsetningu hennar.

Heilsugæslulæknir eða heimilislæknir sem gefur út tilvísun skal kynna sérstaklega fyrir sjúkratryggðum einstaklingi hvenær gildistíma tilvísunar lýkur.

Sjúkratryggðir einstaklingar sem fá þjónustu hjá sérfræðingum í hjartalækningum sem starfa án samnings við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þurfa ekki tilvísun frá heilsugæslulækni eða heimilislækni í eina viku frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á endurgreiðslu kostnaðar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa tímabils í samræmi við gjaldskrá sem fylgir reglugerð.